

## SAMÞYKKT

### fyrir veiðifélag Eilífsvatna.

#### 1. gr.

Félagið heitir veiðifélag Eilífsvatna. Heimili þess og varnarþing er í Reykjahlíð, Skútu-  
staðahreppi.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra lögbýla sem land eiga að Eilífsvötnum, en þau eru:  
Reykjahlíð I, Reykjahlíð II, Reykjahlíð III, Reykjahlíð IV, Bjarg, Reynihlíð og Víðihlíð.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði  
eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. einnig að  
stuðla að góðri umgengni um vatnasvæðið og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða  
önnur starfsemi skaði lífríki þess.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á  
aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út  
eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð  
áfram.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök for-  
föll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endur-  
skoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn  
gangi út annað árið og hinir hitt árið.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til  
aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um  
þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum  
félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í  
leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá  
störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá  
skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

#### 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók,  
sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og  
bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*